

skilorðsbundið í 2 ár. Hinn 28. janúar 1966 var hann dæmdur í 3.000 kr. sekt fyrir áfengis- og umferðarlagabrot og sviptur öku-leyfi 6 mánuði. Þá hefur hann 5 sinnum sæst á sektargreiðslu, þar af þrisvar fyrir umferðarbrot.

Refsing ákærða verður ákveðin 5.000 króna sekt til ríkissjóðs og vararefsing 2 daga varðhald.

Þá verður ákærði dæmdur til greiðslu sakarkostnaðar, sbr. 141. gr. laga um meðferð opinberra mála, þar á meðal málsvarnarlauna skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmans, kr. 7.500.

Dómsorð:

Ákærði, Björn Blöndal, greiði 5.000 króna sekt til ríkissjóðs, og komi varðhald 2 daga fyrir sektina, ef hún verður ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði kostnað sakarinnar, þar á meðal mäsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Arnar Clausens hæstaréttarlögmans, kr. 7.500.

Mánudaginn 8. desember 1975.

Nr. 159/1974. **Gunnar Birgir Þorvaldsson**

(Páll S. Pálsson hrl.)

gegn

Guðrúnu Einarsdóttur og gagnsök

(Hjörtur Torfason hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Lögtak. Barnalífeyrir. Framfærslueyrir.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 25. september 1974. Krefst hann þess, að synjað verði um umbeðið lög-
tak. Þá krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæsta-
rétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 27. september 1974. Krefst hann þess, að úrskurður fógeta verði staðfestur, þó svo, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða gagnáfrýjanda málskostnað í héraði. Enn fremur krefst hann málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Kröfur gagnáfrýjanda á hendur aðaláfrýjanda um lögtak varða annars vegar meðlag með barni málsaðiljanna á tímabilinu 1. febrúar 1973 til maíloka 1974 og hins vegar framfærslueyri með gagnáfrýjanda 1. febrúar 1973 til 1. maí 1974, hvort tveggja samkvæmt leyfisbréfi dómsmálaráðuneytis 27. nóvember 1973 til skilnaðar að borði og sæng, sem lýst er í úrskurði fógeta.

I.

Fjárgreiðslur þær, sem aðaláfrýjandi telur sig hafa innt af hendi vegna barns málsaðilja á tímabili því, sem lögtaks-krafa gagnáfrýjanda tekur til, eru eigi þannig vaxnar, að þær geti komið til skuldajafnaðar við lögtakskröfu um meðlag. Gagnáfrýjandi hefur forræði barnsins og er lögbær til að standa að kröfu um lögtak vegna meðlagsgreiðslna þessara.

II.

Aðaláfrýjandi reisir kröfu sína um sýknu af greiðslu framfærslueyris til gagnáfrýjanda á því, að hann hafi gildið henni eða vegna hennar hærri fjárhæðir en lögtakskröfu nemur. Komi þar bæði til greiðslur á reikningum vegna úttektar gagnáfrýjanda á matvörum í tiltekinni verslun og svo ýmsar aðrar greiðslur til hennar eða vegna hennar, samtals kr. 286.011.80.

Gagnáfrýjandi hefur andmælt því, að þessar fjárgreiðslur komi til skuldajafnaðar við kröfu hans á hendur aðaláfrýjanda vegna framfærslueyris, og telur m. a., „að þessar greiðslur hafi ekki verið lífeyrir, heldur kostnaður við heimilishald“. Eigi er sannað, að gagnáfrýjandi hafi samþykkt, að sá greiðsluháttur væri á framfærslueyri, sem felst í greiðslu aðaláfrýjanda á framangreindum reikningum eða í öðrum fjárgreiðslum hans. Koma þær þegar af þeirri ástæðu eigi til

skuldajafnaðar kröfum gagnáfrýjanda á hendur honum í máli þessu, sbr. og undirstöðurök 2. tl. 31. gr. laga nr. 19/1887.

III.

Samkvæmt framanrituðu ber að staðfesta úrskurð fógeta, sbr. 6. tölulið 1. gr. laga nr. 29/1885, að undanskildu málskostnaðarákvæði hans. Rétt þykir, að aðaláfrýjandi greiði gagnáfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði úrskurður á að vera óraskaður að undanskildu málskostnaðarákvæði hans.

Aðaláfrýjandi, Gunnar Birgir Þorvaldsson, greiði gagnáfrýjanda, Guðrúnu Einarsdóttur, málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 80.000 krónur, að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Reykjavíkur 18. september 1974.

Mál þetta var tekið til úrskurðar að loknum munnlegum málflutningi 11. þ. m.

Með gerðarbeiðni, dagsettri 11. júní 1974, krafðist gerðarbeiðandi þess, að gerðarþoli yrði dæmdur til að greiða sér kr. 325.252 með 1½% mánaðarvöxtum af kr. 201.161 frá 1. desember 1973 til 1. janúar 1974 og af kr. 221.498 frá þeim degi til 1. febrúar s. á. og af kr. 241.998 frá þeim degi til 1. mars s. á. og af kr. 262.499 frá þeim degi til 1. apríl s. á. og af kr. 282.999 frá þeim degi til 1. maí s. á. og af kr. 304.125 frá þeim degi til 1. júní s. á., en af kr. 325.252 frá þeim degi til greiðsludags.

Auk þess krafðist gerðarbeiðandi innheimtulauna úr hendi gerðarþola að fjárhæð kr. 24.662 og alls kostnaðar við gerð þessa.

Málavextir eru þeir, að hinn 29. janúar 1955 gengu gerðarþoli og gerðarbeiðandi í hjónaband. Hinn 16. febrúar 1971 slitu þau samvistum. En 27. nóvember 1973 gaf dóms- og kirkjumálaráðuneytið út leyfisbréf til handa aðiljum til skilnaðar að borði og sæng. Í þessum ráðuneytisúrskurði er gerðarþola gert að greiða lífeyri með gerðarbeiðanda, kr. 18.000 á mánuði frá 1. febrúar 1973, meðan skilnaður að borði og sæng varir.

Eins og fram kemur í gerðarbeiðni, telur gerðarbeiðandi, að vanefndir hafi átt sér stað á greiðslum þessum.

Einnig var í áðurnefndum úrskurði ákvæði þess efnis, að gerðarþoli greiddi gerðarbeiðanda $1\frac{1}{2}$ meðalmeðlag með barni þeirra hjóna, Guðrúnu að nafni, til fullnaðs 17 ára aldurs hennar, frá 1. febrúar 1973. Einnig í þessum meðlagskröfum telur gerðarbeiðandi hafa orðið vanefndir á af hálfu gerðarþola.

Samkvæmt ofanskráðu telur gerðarbeiðandi, að gerðarþoli skuldi sér lifeyri að fjárhæð kr. 288.000 og meðlag kr. 37.252, eða samtals kr. 325.252. Við munnlegan flutning málsins lækkaði lögmaður gerðarbeiðanda kröfurnar um kr. 18.000, þ. e. í kr. 307.252.

Gerðarþoli heldur því fram, að hann hafi greitt gerðarbeiðanda fullan lifeyri. Hann hefur lagt fram lista yfir greiðslur til gerðarbeiðanda að fjárhæð kr. 927.858.30.

Þá hefur gerðarþoli haldið því fram, að hann hafi greitt vegna Guðrúnar Birgisdóttur kr. 55.958.

Farið hefur verið yfir þessa skuldalista með gerðarbeiðanda. Sumum liðum á listanum hefur gerðarbeiðandi mótmælt sem röngum og öðrum óréttmætum, þar sem gerðarþoli hafi boðið þessar greiðslur fram án skilyrða.

Hvernig sem þessum greiðslum hefur verið háttað, skiptir það eigi máli í þessu sambandi, sbr. hæstaréttardóm frá 18. janúar 1954. En í þessum dómi er tekið fram, að óheimilt sé að lögum að láta koma til frádráttar framfærslueyri aðrar greiðslur, sem skuldari kann að hafa innt af hendi til kröfuhafa.

Samkvæmt framanrituðu getur gerðarþoli ekki komið að kröfum sínum í þessu máli. Verða því allar kröfur gerðarbeiðanda teknar til greina, þ. e. kr. 307.252 með $1\frac{1}{2}$ % dráttarvöxtum af kr. 201.161 frá 1. desember 1973 til 1. janúar 1974, en af kr. 221.498 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., en af kr. 241.998 frá þeim degi til 1. mars s. á., en af kr. 262.499 frá þeim degi til 1. apríl s. á., en af kr. 282.999 frá þeim degi til 1. maí s. á., en af kr. 304.125 frá þeim degi til 1. júní s. á., en af kr. 307.252 frá þeim degi til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Jón P. Emils, fulltrúi yfirborgarfégeta, kvað upp úrskurð þennan.

Því úrskurðast:

Lögtak skal fara fram í eignum gerðarþola, Gunnars Birgis Þorvaldssonar, fyrir kr. 307.252 með $1\frac{1}{2}$ % dráttarvöxtum

fyrir hvern vanskilamánuð af kr. 201.161 frá 1. desember 1973 til 1. janúar 1974, en af kr. 221.498 frá þeim degi til 1. febrúar s. á., en af kr. 241.998 frá þeim degi til 1. mars s. á., en af kr. 262.499 frá þeim degi til 1. apríl s. á., en af kr. 282.999 frá þeim degi til 1. maí s. á., en af kr. 304.125 frá þeim degi til 1. júní s. á. og af kr. 307.252 frá þeim degi til greiðsludags. Málskostnaður falli niður.

Mánudaginn 8. desember 1975.

Nr. 162/1974. **Guðrún Einarsdóttir**

(Hjörtur Torfason hrl.)

gegn

Gunnari Birgi Þorvaldssyni og

Unnsteini Beck, skiptaráðanda í Reykjavík

vegna bús hjónanna Guðrúnar Einarsdóttur

og Gunnars Birgis Þorvaldssonar

(Páll S. Pálsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Benedikt Sigurjónsson, Ármann Snævarr, Björn Sveinbjörnsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson.

Hjón. Búskipti við skilnað. Séreign.

Dómur Hæstaréttar.

Afrýjandi áfrýjaði máli þessu með stefnu 26. september 1974. Krefst hann þess aðallega, „að hlutafélagið Runtal — ofnar, Reykjavík, og allar eignir þess félags skuli teljast sameign málsaðilja ... í hlutföllunum 95:90 og tilheyrandi hjúskapareign þeirra hvors um sig“. Til vara er þess krafist, að hlutafé stefnda, Gunnars Birgis, í félaginu, að nafnverði 95.000 krónur, teljist hjúskapareign hans í búi málsaðiljanna Guðrúnar og Gunnars Birgis, enda teljist hlutabréf áfrýjanda, að nafnverði 90.000 krónur, hjúskapareign hennar í